

Nd.

ISI. Tillaga

til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að hefja skaðabótamál gegn Íslandsbanka.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja skaðabótamál gegn Íslandsbanka fyrir lánstraustsspjöll og tjón, sem telja má að landið hafi beðið af ógætilegri ljármálastarfsemi bankans á síðari árum.

Greinargerð.

Þar sem nú er komið upp úr kafnu, að Íslandsbanki muni, ef til vill, geta fengið sjer dæmdar skaðabætur fyrir opinberar aðfinslur og umtal um stjórn bankans og fjármálastarfsemi hans, virðist það ekki liggja fjarri, að ríkissjóður hefji skaðabótamál gegn bankanum, þar sem margir landsmanna líta svo á, að bankinn hafi með ráðstöfunum sínum á seinni árum bakað landinu stórtjón og haft lamandi áhrif á lánstraust landsins; og eigi minni líkur til að landið fái dæmdar skaðabætur sjer til handa frá bankanum en bankinn frá öðrum.